

Ríkisaðili	 Kvennaskólinn í Reykjavík	Ráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Ábyrgðaraðili	Kolfinna Jóhannesdóttir skólameistari		
A	Kjarnastarfsemi		
	Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og í haust var boðið upp á nám á þremur námsbrautum: Félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi námskrá. Fjöldi nemenda skólaárið 2023-2024 er í kringum 650 nemendur og gert ráð fyrir svipuðum fjölda næstu þrjú árin. Á haustönn 2023 stunda 651 nemandi nám við skólann. 276 nemendur stunda nám á félagsvísindabraut, 365 nemendur á náttúruvísindabraut og 10 nemendur á starfsbraut. Félagsvísinda- og náttúruvísindabraut eru bóknámsbrautir til 200 eininga stúdentsprófs á þriðja þrepi þar sem námstíminn er sveigjanlegur, 3-4 ár, en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Á starfsbraut skólans er boðið uppá fjögurra ára nám á fyrsta þrepi fyrir nemendur sem hafa notið verulegrar sérkennslu á grunnskólastigi. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á eigin námi. Inntökuskilyrði á námsbrautir skólans eru tilgreindar á heimasíðu skólans sem og reglur um námsframvindu. Skólanámskrá skólans er rafræn og í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólanámskráin skiptist í eftirfarandi fimm kafla: 1) Upplýsingar um skólann og starfshætti, 2) um námið, námsbrautir, námsmat og námsframvindu, 3) þjónusta við nemendur, stoð- og farsældarþjónusta, 4) áfangalýsingar og 5) upplýsingar um skólann og námið á ensku. Skólanámskráin var síðast yfirfarin á vorönn 2023. Með áherslum í kjarnastarfsemi skólans tekur skólinn virkan þátt í vinnu stjórnvalda um aðgang að gæðanámi og stoðþjónustu, menntun fyrir alla og fjölda nemenda sem ljúka námi á tilskyldum tíma.		

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A1	Auka gæði náms og kennslu	4	Þátttaka í kennslu- og áfangamati	Kennslu- og áfangamat	77,6% svarhlutf.	79% svarhlutf.	80% svarhlutf.
			Námsframboð í skyldunámi (kjarna á braut)	Nemendakönnun	85% telja mjög eða frekar gott	88% telja mjög eða frekar gott	90% telja mjög eða frekar gott
			Námsframboð í valáföngum	Nemendakönnun	83% telja mjög eða frekar gott	85% telja mjög eða frekar gott	87% telja mjög eða frekar gott
			Líðan nemenda í skólanum	Nemendakannanir	89% líður vel (allir nemendur) 86% líður vel (nýnemar 1. bekkur) 87% telja sig hluta af tilteknum hópi (allir nemendur) 83% telja sig hluta af tilteknum hópi (nýnemar 1. bekkur)	90% líður vel 88% telja sig hluta af tilteknum hópi (allir nemendur) 84% telja sig hluta af tilteknum hópi (nýnemar 1. bekkur)	92% líður vel 89% telja sig hluta af tilteknum hópi (allir nemendur) 85% telja sig hluta af tilteknum hópi (nýnemar 1. bekkur)

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

Tengist markmiði málaflokks							
Auka gæði menntunar í framhaldsskólum							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A1.1	Starfsbraut Kvennaskólans tók til starfa haustið 2023. Halda áfram við ritun námsbrautarinnar.					Haust 2023	Vor 2025
A1.2	Endurskoða mat á gæðum áfanga					Haust 2023	Vor 2025
A1.3	Efla forvarnar- og jafnréttisfræðslu					Haust 2023	Vor 2025
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
A2	Efla námskraft og auka ábyrgð nemenda á eigin námi.	4	Skólasókn	Mætingaprósenta	67% nemenda m/96-100% vottorðamæt.	69% nemenda m/96-100% vottorðamæt.	70% nemenda m/96-100% vottorðamæt.
			Nemendur telja sig læra færni sem er mikils virði	Nemendakönnun		83% mjög eða frekar sammála	85% mjög eða frekar sammála
			Nemendur hafi áhuga á því sem þeir læra í skólanum	Nemendakönnun		60% oftast nær og/eða alltaf	63% oftast nær og/eða alltaf
			Vinnufriður í kennslustundum	Kennslu- og áfangamat	76% mjög eða frekar sammála	78% mjög eða frekar sammála	80% mjög eða frekar sammála
Tengist markmiði málaflokks							
Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Innleiðing laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í framhaldsskólum					Haust 2023	Vor 2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

A2.2	Efla jafningjastuðning innan skólans (námsstuðningur inni í bekkjum og/eða í námsveri)	Haust 2023	Á hverju ári
A2.3			

B	Rekstrarþættir
	Við skólann er starfsfólk nú 75 talsins í 68,8 stöðugildum. Á kennslusviði eru kennarar 56, 40 konur og 16 karlar í 52,3 stöðugildum. Þar af eru þrjú stöðugildi vegna veikinda, eitt vegna námsleyfis og 0,85 vegna fæðingarorlofs. Án kennsluréttinda er einn í 0,56 stöðugildi í tímabundinni afleysingu eða 1,2% af heildarstöðugildum í kennslu. Áfram er gert ráð fyrir nokkurri endurnýjun starfsmanna á tímabilinu. Í september 2023 eru 13 kennarar 60 ára eða eldri og fjölgar um einn á vorönn. Á sviði nemendapjónustu eru tvær konur í 160% stöðu náms-og starfsráðgjafa, þar af 50% staða í veikindaleyfi. Einn sálfræðingur (kk) er í 40% stöðu sem veitir nemendum þjónustu á sviði sálgæslu. Auk þess sinnir hjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins nemendum í 20% stöðugildi. Á þjónustusviði er starfsfólk alls 12, 5 karlar í 4,35 stöðugildum og 7 konur í 6,1 stöðugildi. Fjögur eru eldri en 60 ára. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármála-og skrifstofustjóri og námstjóri, konur í 100% stöðu hver og yngri en 60 ára. Í fjárlögum ársins 2024 eru ársnemendur 640 talsins og eru nemendur á starfsbraut þar fyrir utan. Á fjárlögum fyrir árið 2023 voru ársnemendur einnig 640. Á heimasíðu skólans (www.kvenno.is) er að finna jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, launastefnu, persónuverndarstefnu, samgöngustefnu, starfsmannastefnu, forvarnarstefnu, umhverfis- og loftslagsstefnu og að auki jafnréttisáætlun, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti og ofbeldi (EKKO-mál), áætlun um viðbrögð við vá og rýmingaráætlun. Ytri úttekt fór fram á starfsemi skólans 2019. Skýrsla matsaðila og umbótaáætlun var birt á heimasíðu skólans og er umbótum lokið. Ytra mat er áætlað næst 2024 með vísan til laga um framhaldsskóla. Í skólanum er starfandi matsteymi undir stjórn námstjóra. Í matsteyminu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, námstjóri, fulltrúar starfsfólks, foreldra og nemenda. Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2022-2023 voru unnin samkvæmt þriggja ára matsáætlun sem samþykkt var haustið 2022. Matsáætlun skólans er endurskoðuð árlega. Matsáætlun skólans og niðurstöður úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum eru birtar á heimasíðu skólans (https://www.kvenno.is/is/skolinn/stefnur-og-aaetlanir-1/mat-a-skolastarfi-1).

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B1	Aukin starfsánægja	Starfsánægjukönnun	Stofnun ársins	Heildareink. 4,32 Starfsandi = 4,56 Vinnuskilyrði = 3,85 Sveigjanleiki = 3,61	Heildareink. 4,4 Starfsandi = 4,6 Vinnuskilyrði = 3,9 Sveigjanleiki = 3,7	Heildareink. 4,5 Starfsandi = 4,7 Vinnuskilyrði = 3,95 Sveigjanleiki = 3,8
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Aukin áhersla á gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk.				2022	Á hverju ári
B1.2	Áhersla á forgangsroðun viðhaldsframkvæmda sem lúta að bættum vinnuskilyrðum.				2022	Á hverju ári
B1.3	Áhersla á að skapa skilyrði fyrir aukinn sveigjanleika og samþættingu við fjölskyldulíf.				2022	Á hverju ári
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
	Draga úr umhverfisáhrifum	Græn skref í ríkisrekstri	Matskvarðar Grænna skrefa	Vinna hafin	Skref 2	Skref 3

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

B2						
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Þátttaka í Grænum skrefum ríkisstofnana				2022	2028
B2.2						
B2.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026
B3						
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1						
B3.2						
B3.3						

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar eru engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsroðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.
Rekstrarþættir
Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni. Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?
Markmið (að hámarki 3)
Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila. Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.
Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)
Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu? Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga. Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.
Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)
Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið. Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsörðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.